

Viljayfirlýsing

Á íbúðingum sem haldið var í Dalabúð fyrr á árinu lýstu Dalamenn yfir miklum áhuga á að efla skógrækt í Dölum, en þar var skógrækt talin eitt áhugaverðasta málefnið af ca. 25-30 málefnum, næst á eftir samgöngum og raforkumálum. Í tengslum við íbúðinginn varð til hreyfing áhugasamra skógarbænda í Dölum sem vilja stuðla að aukinni atvinnuuppbyggingu með því að byggja upp skógarplöntuframleiðslu sem næst Búðardal. Dalirnir Heilla ehf. kt. 500317-1160 hafa fengið styrk frá Samtökum Sveitarfélaga á Vesturlandi til þess að vinna forathugun á því hvort forsendur séu fyrir hendi til þess að byggja gróðurhús í Dalabyggð þar sem áhersla verður lögð á skógarplöntuframleiðslu. Dalirnir Heilla ehf. hafa lýst yfir áhuga á að staðsetja húsin á svæði norðan öldrunarheimilisins Silfurtúns í Búðardal, merkt nr. 1 á mynd hér að neðan. Hefur félagið óskað eftir því að grafa nokkrar prufuholur á svæðinu til þess að kanna jarðlög



Sveitarfélagið lýsir yfir stuðningi við þau áform að byggja upp skógarplöntuframleiðslu í Dalabyggð og heimilar að framangreint svæði sé rannsakað m.a. með því að grafa prufuholur til þess að kanna jarðvegslög. Tekið er skýrt fram að í þessari viljayfirlýsingu felst engin skuldbinding af hálfu sveitarfélagsins, þ.e. hvorki er um að ræða úthlutun á nefndu landi né loforð um slíka úthlutun. Janframt hefur sveitarfélagið upplýst aðila um að kvaðir kunni að vera

á landinu og jafnframt að núverandi aðalskipulag geri ekki ráð fyrir iðnaði á þessu svæði. Komi til þess að Dalaskógar hafi áhuga á að sækja um þetta land til úthlutunar eða önnur lönd í eigu sveitarfélagsins, fer slík umsókn í hefðbundið stjórnsýsluferli á sama hátt og aðrar sambærilegar umsóknir.

Dalabyggð, _____ ágúst 2022.

F.h. Dalaskóga

Jakob K. Kristjánsson

F.h. Dalaskóga

Franz Jezorski

F.h. Dalabyggðar

F.h. Dalabyggðar